

## Framhaldsnefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, raforkulögum, nr. 65/2003, og lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (eigendaábyrgðir, eignarhald flutningsfyrirtækisins og frestun fyrirtækjaaðskilnaðar).

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju.

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um málið var bent á að vafi ríkti um merkingu hugtaksins *lánsfjárförf* í 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001. Þannig hefði sú túlkun á ábyrgðartakmörkun framangreinds málsliðar 2. mgr. lagagreinarinnar komið fram að ábyrgð eigenda Orkuveitunnar gæti einungis tekið til 80% af framkvæmdakostnaði, þ.e. 64% af heildarfjárförf verkefnis. Þá kom fram að þessi túlkunarvafi hefði valdið erfiðleikum í framkvæmd þar sem lánveitendur væru ófúsir að veita lánaþingreiðslu á grundvelli lagaákvæðis sem væri undirorpið slíkum vafa.

Nefndin tók framangreinda ábendingu til skoðunar en taldi ekki tímabært að taka afstöðu til hennar í nefndaráliti á þingskjali 537.

Samkvæmt 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 skal ábyrgð eigenda Orkuveitu Reykjavíkur ekki nema hærra hlutfalli en 80% af lánsfjárförf verkefnis sem veitt er eigendaábyrgð.

Nefndin telur merkingu 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 nokkuð ljósa. Fram hjá því verður þó ekki litið að vafi virðist hafa ríkt um gildi hans. Virðist sá vafi valda verulegum vandkvæðum við fjármögnun verkefna. Þá hefur verið bent á að það traust sem almennt hafi ríkt á milli lántakenda og lánveitenda við gerð lánssamninga hafi beðið verulegan hnekki í ljósi svokallaðra gengistryggingadóma Hæstaréttar Íslands. Framangreindu til viðbótar hefur komið fram af hálfu forsvarsmanna Orkuveitunnar að sú óvissa sem ríkir um túlkun á 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 hafi valdið verulegum vandkvæðum í framkvæmd.

Allt framangreint virðist hafa aukið á fjármögnunarvanda Orkuveitunnar.

Í ljósi þess fram hefur komið, og til að taka af öll tvímæli, telur nefndin ekki annað fært en að gera þá breytingu á 3. málsl. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 139/2001 að í stað þess að takmörkun eigendaábyrgðar miðist að hámarki við 80% *lánsfjárþarfar* verkefna sem veitt er eigendaábyrgð á skuli hámark hennar miðast við 80% *fjárþarfar* hinna sömu verkefna. Er þannig gert ráð fyrir því að eigendur geti borið ábyrgð á 80 millj. kr. af láni sem er að heildarfjárhæð 100 millj. kr. sé heildarfjárförf þess verkefnis sem lánað er til jöfn lánsfjárförf. Þá geti eigendur borið ábyrgð á 5 millj. kr. af láni sem er að heildarfjárhæð 5 millj. kr. sé heildarfjárförf þess verkefnis 10 millj. kr. en lánsfjárförf þess aðeins 5 millj. kr. þar sem 5 millj. kr. eru fjármagnaðar á annan hátt, t.d. með eigin fé. Að auki geti eigendur borið ábyrgð á 56 millj. kr. af láni sem er að heildarfjárhæð 60 millj. kr. sé heildarfjárförf þess verkefnis 70 millj. kr. en lánsfjárförf þess 60 millj. kr. þar sem 10 millj. kr. eru fjármagnaðar

á annan hátt, t.d. með eigin fé. Þannig er ljóst að þegar að takmörkun ábyrgðarinnar kemur skiptir lánsfjárförf verkefnisins ekki máli heldur aðeins fjárförf þess, þ.e. sú fjárhæð sem gert er ráð fyrir að Orkuveitan þurfi að inna af hendi til þess að tilteknu verkefni í heild sinni eða afmörkuðum og tilgreindum þáttum þess verði lokið.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar leggur nefndin til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

Við 3. gr. frumvarpsins bætist nýr stafliður, b-liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „lánsfjárförf“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: fjárförf.

Þór Saari var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. desember 2011.

Kristján L. Möller,  
form., frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Magnús Orri Schram.

Ólína Þorvarðardóttir.

Björn Valur Gíslason.

Einar K. Guðfinnsson.

Jón Gunnarsson.

Sigurður Ingi Jóhannsson.